

ORLOFSSJÓÐUR KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

Reglur Orlofssjóðs Kennarasambands Íslands (OKÍ) um leigu orlofshúsa og aðra þjónustu fyrir félagsmenn.

AÐILD AÐ ORLOFSSJÓÐI

Aðild að orlofssjóði KÍ eiga allir fullgildir félagsmenn í Kennarasambandi Íslands. Einnig getur félagsmaður átt að sjóðum í:

- Fæðingarorlofi kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.
- Atvinnuleysi kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af atvinnuleysisbótum.
- Á sjúkradagpeningum kjósi hann að greiða stéttarfélagsgjald af sjúkradagpeningum.
- Launalausuleyfi: Réttur til úthlutunar fellur niður á meðan launalaust leyfi er, en stofnast að nýju við fyrstu iðgjaldagreiðslu eftir það. Stjórn KÍ getur heimilað sjóðfélaga í launalausuleyfi að greiða félagsgjald eitt ár í senn og halda réttindum.
- Félagmenn í Félagi Kennara á eftirlaunum (FKE) eiga aðild meðan þeir eiga orlofspunkta.

Réttindi að sjóðnum skapast í gegnum punktaineign, en hver félagsmaður sem er í 33% eða hærra starfshlutfalli ávinnur sér 24 punkta á ári, eða 2 punkta á mánuði. Punktar eru færðir inn eftir á, yfirleitt í mars ár hver.

LÁGMARKSPUNKTAEIGN

Til að geta bókað eða nýtt aðra þjónustu OKÍ þurfa félagsmenn að eiga orlofspunkta. Ef punktæign fer niður fyrir mínus 23 punkta missa félagsmenn réttinn það árið eða þar til ný orlofspunktaúthlutun hefur átt sér stað (mars ár hvert).

Félagsmenn geta ef svo ber undir keypt viðbótarpunkta að hámarki 24 punkta á 365 daga tímabili og er verðgildi hvers punkts kr. 500.

REGLUR UM ÚTLEIGU

Reglur um útleigu til sjóðfélaga (félagsmanna) eru einkum með tvennum hætti, þ.e. sumarleiga og vetrarleiga og byggjast á punktakerfi sjóðsins (punktæign sjóðfélaga). Óheimilt er að leigja öðrum en sjóðfélögum og með öllu er óheimilt að framleigja eða lána leigugeiningar Orlofssjóðs til þriðja aðila.

EIGNIR ORLOFSSJÓÐS

Orlofssjóður á eignir að Sóleyjargötu 25 og 33 í Reykjavík, sumarhús á Flúðum og sumarhús í Kjarnaskógi á Akureyri, sem leigðar eru út til félagsmanna allt árið. Þar að auki eru fleiri eignir í boði til leigu í bókunarvél. Yfir sumartímann tekur Orlofssjóðir til leigu eignir um allt land og erlendis og leigir þær áfram til félagsmanna.

FLUGÁVÍSANIR OG HÓTELÁVÍSANIR

Félagsmenn geta keypt fjórar flugávisanir hjá Icelandair, fjórar flugávisanir hjá WOW air og fjóra hótelmiða á 365 daga fresti með punktafrádrætti. Einnig er hægt að kaupa flugávisanir hjá Icelandair án punktafrádráttar. Einnig er boðið upp á afsláttarkjör hjá Flugfélaginu Erni og Flugfélagi Íslands.

FJÁRMÖGNUN ORLOFSSJÓÐS

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands er fjármagnaður af atvinnurekanda félagsmanna með 0,25% framlagi af launum.